



MANNVIT

SORPA

## STÆKKUN MÓTTÖKU- STÖÐVARINNAR Í GUFUNESI



### MÁNAÐARSKÝRSLA MARS 2020

SKJALANÚMÉR:

NÚGILDANDI ÚTGÁFA:

1.00	15.05.2020	Til upplýsinga	ÁB/VB/GH	VB		N/A
ÚTGÁFA	DAGS. ÚTG	ÚTGÁFUSTAÐA	HÖFUNDUR	RÝNIR	SAMÞYKKT	VERKKAUPI

## Dreifingarlisti:

Ásmundur S. Jónsson	<a href="mailto:asmundur.jonsson@sorpa.is">asmundur.jonsson@sorpa.is</a>
Ástþór Ingvi Ingvason	<a href="mailto:astthor.ingvason@sorpa.is">astthor.ingvason@sorpa.is</a>
Guðrún Eva Jóhannesdóttir	<a href="mailto:gudrun.eva.johannesdottir@sorpa.is">gudrun.eva.johannesdottir@sorpa.is</a>
Helgi Þór Ingason	<a href="mailto:helgi.ingason@sorpa.is">helgi.ingason@sorpa.is</a>
Pröstur Guðmundsson	<a href="mailto:throstur@galghamar.is">throstur@galghamar.is</a>
Valur Birgisson	<a href="mailto:valurb@mannvit.is">valurb@mannvit.is</a>
Gunnar Herbertsson	<a href="mailto:gunnar@mannvit.is">gunnar@mannvit.is</a>

## Efnisyfirlit:

<b>1. Samantekt .....</b>	<b>3</b>
<b>2. Öryggi, heilbrigði og umhverfi (ÖHU) .....</b>	<b>4</b>
2.1 Slys og önnur atvik .....	4
2.2 Vinnustundir .....	4
2.3 Öryggisúttektir .....	4
2.4 Áherslur í öryggismálum .....	4
<b>3. Verkefnisgát .....</b>	<b>5</b>
3.1 Stækkun Móttökustöðvar .....	5
3.2 Vélbúnaður í Móttökustöð .....	7
3.3 Áætlun .....	8
<b>4. Hönnun .....</b>	<b>9</b>
4.1 Staða hönnunar .....	9
4.2 Framvinda í mánuðinum .....	9
4.3 Áætluð vinna í næsta mánuði .....	9
4.4 Atriði til íhugunar .....	9
<b>5. Innkaup .....</b>	<b>10</b>
5.1 Staðan .....	10
Hönnun og umsjón: .....	10
Framkvæmdir: .....	10
Innkaup á búnaði: .....	10
5.2 Áætluð framvinda í næsta mánuði .....	11
5.3 Atriði til íhugunar .....	11
<b>6. Framkvæmdir .....</b>	<b>12</b>
6.1 Staðan .....	12
6.2 Verktakar á staðnum .....	12
6.3 Stækkun byggingar – Alefli .....	12
6.4 Uppsetning búnaðar – Héðinn .....	12
6.5 Raf- og stjórnþúnaður – Rafsel .....	13
6.6 Leyfismál .....	13
6.7 Atriði til íhugunar .....	14
<b>7. Prófanir og gangsetning .....</b>	<b>15</b>
7.1 Staðan .....	15
7.2 Framvinda .....	15

7.3	Áætluð vinna í næsta mánuði .....	15
7.4	Atriði til íhugunar .....	15
<b>Appendix A</b>	<b>Mánaðarskýrsla fyrir stækkun byggingar .....</b>	<b>A-1</b>
<b>Appendix B</b>	<b>Ljósmyndir .....</b>	<b>B-4</b>
<b>Appendix C</b>	<b>Verkáætlun - yfirlit .....</b>	<b>C-1</b>

## 1. Samantekt

Samið hefur verið um kaup á öllum vélbúnaði og mestur hluti hans er kominn á staðinn. Afhendingu tættara seinkar enn og einnig seinkar afhendingu hluta af færriböndum. Gerð er grein fyrir innkaupum og afhendingu búnaðar í kafla 5. *Innkaup*.

Vinna við stækkun byggingar er að mestu lokið og lítil vinna var í mars, en verkinu verður lokið með vorinu þegar viðrar betur til útivinnu. Verktaki við stækkun byggingarinnar er Alefli.

Lokið er við breytingar og færslu búnaðar í núverandi byggingu.

Vinna Héðins við uppsetningu stálvirkis og búnaðar er á eftir áætlun. Uppsetningu stálvirki er að mestu lokið í núverandi byggingu og byrjað er á uppsetningu stálvirkis í viðbyggingu. Byrjað er að setja upp búnað sem er hluti af nýju vinnslulínunum, bæði í núverandi byggingu og viðbyggingu. Meginhluti útkljáðra aukaverka við Héðinn var leystur í mánuðinum.

Rafsel hefur unnið við uppsetningu rafmagnsstiga í viðbyggingu og strenglögnum, uppsetningu á rafmagnstöflum og tengingu búnaðar eftir því sem búnaður berst og er settur upp.

Gerð er grein fyrir framkvæmdum í kafla 6 Framkvæmdir.

Framvinda við stækkun byggingar er 90,5% og fyrir vélbúnað 71%, miðað við heildarkostnað (beinn og óbeinn kostnaður) og miðað við uppfært verkmagn. Gerð er grein fyrir kostnaði og framvindu í kafla 3 *Verkefnisgát*.

Engin slys, óhöpp eða önnur atvik hafa orðið í verkefninu.

Kostnaður við verkið í heild, miðað við uppfærða áætlun (maí 2020), er um 5% yfir niðurstöðutölu kostnaðaráætlunar frá ágúst 2019, en innan uppgefina óvissumarka, sem eru +5% til +10%.

Áætlað er að lokið verði við uppsetningu meginbúnaðar í byrjun júní 2020 og að prófanir hefjist í maí og verði lokið í lok júní, sem er um viku seinkun frá fyrri mánaðarskýrslu. Það stafar einkum af seinkun á afhendingu vélbúnaðar og seinkunar á uppsetningu stálvirkis og vélbúnaðar, sem að hluta til orsakast af takmörkun á aðgengi vegna COVID 19.

Hér að neðan er sýndur áfallinn kostnaður og framvinda verksins í lok mars 2020 ásamt kostnaðaráætlunum. Allar tölur eru án vsk.

	ágú.19	maí.20	1.apr.20	1.apr.20
Verkliður	Kostnaðaráætlun	Uppfærð Kostnaðaráætlun	Áfallið	Framvinda
Stækkun byggingar	390.910.000	392.000.000	354.290.000	90%
Vélbúnaður	757.250.000	814.000.000	581.110.000	71%
Samtals:	1.148.160.000	1.206.000.000	935.400.000	78%
Óvissa neðri mörk	1.090.364.500			
Óvissa efri mörk	1.263.001.000			

## 2. Öryggi, heilbrigði og umhverfi (ÖHU)

Engin slys, óhöpp eða önnur atvik hafa orðið í verkefninu.

### 2.1 Slys og önnur atvik

Fjarveruslys	0
Fyrstuhjálparslys	0
Næstum slys og önnur atvik	0
Umhverfisatvik	0

### 2.2 Vinnustundir

Neðangreint eru vinnustundir skráðar á stækkun byggingar, sem unnið er af Alefli.

Vinnustundir í mars:	80
Vinnustundir alls:	25.420

Ekki liggja fyrir skráðar vinnustundir á Héðinn eða Rafsel.

### 2.3 Öryggisúttektir

Gerðar eru formlegar öryggisúttektir hálfsmánaðarlega, daginn fyrir verkfund.

Niðurstöður eru sendar út fyrir fund og ræddar á verkfundi.

### 2.4 Áherslur í öryggismálum

Mikilvægt er að aðkoma upp á þak sé með tryggilegum hætti og vinnuaðstæður þar uppi þurfa að vera öruggar.

### 3. Verkefnisgát

#### 3.1 Stækkun Móttökustöðvar

Framvinda við stækkun Móttökustöðvarinnar í Gufunesi hefur seinkað nokkuð en húsnæðið var afhent til SORPU þann 31.01. 2020. Gert er ráð fyrir vinnu við uppsetningu þakglugga og lokafrágang utanhúss sem þarf að gerast við góð veðurskilyrði, en þessum framkvæmdum á að ljúka í júní 2020. Þetta tefur þó ekki uppsetningu vélbúnaðar og uppkeyrslu stöðvarinnar sem gengur fyrir. Uppfærð verkáætlun fyrir verkið er sýnd í viðauka C. Tafla 1 sýnir áætlaðan og áfallinn kostnað í verkinu ásamt framvindu.

Tafla 1: Kostnaðaráætlun og framvindutafla fyrir stækkun Móttökustöðvar ( án vsk)


	ágúst 2019	maí 2020	1. apríl 2020	1. apríl 2020
Lýsing	Kostnaðaráætlun	Uppfærð Kostnaðaráætlun	Áfallið	Framvinda
Óbeinn kostnaður	ISK án vsk	ISK án vsk	ISK án vsk	%
<b>Hönnun, innkaup, umsjón, eftirlit</b>				
Verkumsjón, hönnun, innkaup (Mannvit)	18.972.879	22.383.267	21.370.202	95%
Verkfræðihönnun (Tón)	12.275.000	15.103.750	14.383.750	95%
Verkfræðihönnun (TERA)	692.800	1.304.880	1.304.880	100%
Arkitektahönnun (Arkþing)	14.000.000	14.000.000	13.331.481	95%
Eftirlit (Varða verkþjónusta)	11.133.708	9.859.338	8.346.826	85%
<b>Samtals óbeinn kostnaður</b>	<b>57.074.387</b>	<b>62.651.235</b>	<b>58.737.139</b>	<b>94%</b>
<b>Beinn kostnaður</b>				
<b>Stækkun Móttökustöðvar (Alefli)</b>	289.362.362	304.200.063	284.759.597	94%
<b>Verðbætur</b>	8.969.301	8.940.460	8.139.498	91%
<b>Spá um hækkun</b>		2.182	1.741	80%
<b>Viðbótar- og aukaverk</b>		15.803.371	2.654.275	18%
<b>Samtals beinn kostnaður</b>	<b>298.331.663</b>	<b>328.946.076</b>	<b>295.553.370</b>	<b>90%</b>
<b>Ótalið og ófyrirséð</b>	35.500.000			
<b>Heildarkostnaður</b>	<b>390.910.000</b>	<b>392.056.000</b>	<b>354.290.000</b>	<b>90%</b>
Óvissumörk -5%	371.364.500			
Óvissumörk +10%	430.001.000			

Kostnaðaráætlun fyrir verkið var uppfærð í maí 2020 og miðar nú við uppfært verkmagn allra verktaka og aukaverka sem nauðsynleg eru til að klára framkvæmdina. Sú uppfærsla hækkaði heildarkostnaðinn um rúma eina (1) milljón en framvinda er reiknuð miðað við uppfært verkmagn. Framvinda í lok mars var 90,5% sem er heldur minna en áætlanir gerðu ráð fyrir en verkmagn var einnig aukið.

Einhverjar magntöluaukningar eru komnar fram en þar ber helst að nefna aukningu í uppgreftri á lausum jarðvegin þar sem nauðsynlegt þótti að grafa lengra út frá húsinu en áætlanir gerðu ráð fyrir. Einnig eru fyrirséðar magntöluaukningar í samningi vegna aukningar á bendistáli, vegna breytinga á innkeyrsluhurðum, stækkun á skyggnum og innkaup og uppsetningum lögnum og brunaslöngum.

Beinn viðbótarkostnaður vegna aukaverka er áætlaður 15,8 milljónir króna en samhliða honum hefur óbeinn kostnaður hækkað við hönnun og innkaup vegna aukaverka, en þessum viðbótarkostnaði hefur verið bætt við áætlunina frá mánaðarskýrslu fyrir febrúar 2020. Kostnaður við eftirfarandi aukaverk er byggður á verðfyrirspurnum þ.e. innkaup á gólfristum í nýbyggingu og loftræstingu í stjórnrymi og rafmagnstöflugámum, öryggisfestingar fyrir fallvarnir á þak, uppsetningu brunakerfis og brunaslöngum, steypu fyrir undirstöður Dísu, baggavegg og steinsögun við Herkúles. Einnig er áætlaður kostnaður fyrir tengingu gólfhita við kælikerfi vélbúnaðar til að auka varmanýtingu í stöðinni og innkaup og uppsetning á loftpressu og lögnum henni tengdri sem mun þjóna allri stöðinni. Einnig þarf að breyta innkeyrsluhurð í eldri byggingu. Kostnaður við aukaverk dregst frá ófyrirséðum kostnaði.

Eftirfarandi graf sýnir mánaðarlegan kostnað vegna byggingarluta verkefnisins, rauðar súlur sýna áfallinn kostnað og bláar súlur sýna áætlaðan kostnað. Sjóðsstreymið er sýnt með blárrí línu en grá punktalína sýnir spá um sjóðsstreymi frá því í ágúst 2019. Kostnaður vegna framvindu í mars var um 3 milljónir sem greiddur var í apríl. Áætluð greiðsla í maí vegna framvindu í apríl er um 6 milljónir króna samkvæmt uppfærðri greiðsluáætlun en líklegt er að hærra hlutfall kostnaðar verði á gjalddaga í júlí þar sem uppsetning vélbúnaðar gengur fyrir frágangi byggingar



Tekið hefur verið tillit til breyttrar verktilhögunar í uppfærðu sjóðsstreymi, gráa punktalínan sýnir fyrri spá um greiðslufæði sem gerð var í ágúst 2019.



### 3.2 Vélbúnaður í Móttökustöð

Samningum um kaup á vélbúnaði er lokið og stærsti hluti búnaðar er kominn á verkstað, þ.e.a.s. að allur vélbúnaðar er kominn á verkstað fyrir utan þrjú færibönd og tætara. Unnið er að hönnun vegna aðlögunar stálundirstaða að búnaðinum. Eftirfarandi tafla sýnir heildarkostnað við verkið, áfallinn kostnað og reiknaða framvindu.

Tafla 2: Kostnaður vegna vélbúnaðar í Móttökustöðinni í Gufunesi (ISK án vsk)

	ágúst 2019	maí 2020	1.apríl 2020	1.apríl 2020
Lýsing	Kostnaðaráætlun	Uppfærð kostnaðaráætlun	Áfallið	Framv.
Óbeinn kostnaður	ISK án vsk	ISK án vsk	ISK án vsk	%
<b>Hönnun, innkaup, umsjón, eftirlit</b>				
Breytingar á núverandi búnaði	8.445.150	12.718.482	12.718.482	100%
Aflvæðing	6.835.495	4.412.681	4.412.681	100%
Vélbúnaður	104.176.000	161.999.031	132.391.598	82%
<b>Samtals óbeinn kostnaður</b>	<b>119.456.645</b>	<b>179.130.194</b>	<b>149.522.761</b>	<b>83%</b>
<b>Beinn kostnaður vélbúnaður</b>				
Breytingar á núverandi búnaði	47.641.750	50.361.426	48.671.942	97%
Aflvæðing	17.059.984	17.059.984	12.542.103	100%
Vélbúnaður	502.369.000	562.660.840	370.368.831	66%
<b>Samtals beinn kostnaður</b>	<b>567.070.734</b>	<b>630.082.250</b>	<b>431.582.876</b>	<b>68%</b>
<b>Ótalið og ófyrirséð</b>	<b>70.725.279</b>	<b>4.761.001</b>	-	
<b>Heildarkostnaður</b>	<b>757.250.000</b>	<b>814.000.000</b>	<b>581.110.000</b>	<b>71%</b>
Óvissumörk -5%	719.000.000			
Óvissumörk +10%	833.000.000			


Kostnaðaráætlun fyrir verkið var uppfærð í maí 2020 og miðar nú við uppfært verkmagn verktaka og aukaverk. Sú uppfærsla hafði áhrif á heildarkostnað en framvinda er reiknuð miðað við uppfært verkmagn. Hæstu viðbótar kostnaðarliðirnir eru innkaup og uppsetning á rennum fyrir vinnslulínurnar sem nú er áætlaður um 11 milljónir og einnig er gert ráð fyrir rúmlega 8 milljónum við samsetningu á staðnum á færiböndum sem eru lengri en 12 m (gámalengd) og ásetningu á hlutum sem komu í lausu til að minnka rúmmál í flutningum og lækka þannig flutningskostnað. Nokkur aukaverk hafa bæst við eða hækkað í verði, en þar ber helst að nefna myndavélakerfi fyrir tæplega 4 milljónir og uppsetningu á merum við Mayfran stálfæribönd. Einnig er gert ráð fyrir hækkunum í óbeinum kostnaði uppá um 4 milljónir vegna aukinnar viðveru verkeftirlits og nýs verkefnastjóra.

Uppfærð kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir 7,5% hækkun á niðurstöðutölu kostnaðaráætlunar frá ágúst 2019 fyrir vélbúnað.

Í kostnaðaráætlun frá því í ágúst 2019 var kostnaður vegna innkaupa á vélbúnaði áætlaður í evrum og miðar kostnaðaráætlunin við gengi seðlabanka Íslands í lok júlí 2019 sem var 137 kr á Evru. Gengi krónunnar hefur hinsvegar dalað og miðar ný kostnaðaráætlun við gengi seðlabankans í maí 2020 en þá var sölugengið 159 kr/EUR, eftirstöðvar samninga hafa verið uppfærðar á miðað við það.

Töluverðar breytingar hafa orðið á framkvæmdaráætlun frá því áætlun um sjóðsstreymi var gefin út í ágúst þar sem tafir hafa orðið á verkinu vegna tafa í innkaupum á búnaði, teiknivinnu, stálmíði og uppsetningu búnaðar. Eftirfarandi graf sýnir áætlað sjóðsstreymi fyrir vélbúnað, rauðar súlur sýna

áfallinn kostnað og bláar súlur sýna áætlaðan kostnað. Sjóðsstreymi frá því í ágúst er einnig sýnt með grárrí punktalínu. Búið er að greiða fyrir u.þ.b. 73% af heildarkostnaði vélbúnaðar.



### 3.3 Áætlun

Tafir hafa orðið á verkinu en áætlað er að framkvæmdum ljúki í júní 2020. Framkvæmdum við stækkun byggingarinnar hefur seinkað en það hefur ekki komið að sök þar sem uppsetningu vélbúnaðar hefur einnig seinkað. Uppsetning vélbúnaðar er ráðandi um lok verksins. Uppfærða verkáætlun má sjá í viðauka C.

## 4. Hönnun

### 4.1 Staða hönnunar

Hönnun viðbyggingar er lokið, en hönnuðir koma að verkinu eftir þörfum, ef um breytingar er að ræða. Um er að ræða; arkitektúr, burðarþol, lagnir og rafbúnað.

Fyrirkomulagshönnun er í lokið, en einhverjar minniháttar breytingar gætu orðið þegar endanlegar teikningar af búnaði liggja fyrir og þegar uppsetning búnaðar hefst.

Hönnun á stálvirki fyrir búnað er að mestu lokið. Eftir er að teikna undirstöðu fyrir glussakerfi tætara og gataplan fyrir tætara – vantar gögn frá framleiðanda. Unnið við hönnun og teikningar af rennum milli tækja, stjórnþúlti í stjórnherbergi.

Hönnun raf- og stjórnbúnaðar, yfirstjórnkerfi; forritun langt komin, strenglistum lokið nema fyrir Kára og tætara, stýrirásateikningum svo til lokið, skilgreiningu búnaðar lokið.

Yfirferð teikninga og annarra gagna frá vélaframleiðendum lokið.

### 4.2 Framvinda í mánuðinum

Unnið við eftirfarandi hönnun og teikningar;

Rafmagnsstigar í viðbyggingu

- Rennur við og á milli tæki og undirstöður renna
- Stjórnborð í stjórnherbergi
- Loftstokkar við vindskiljur og Kára og undirstöður. Breytingar á pöllum við Kára og filmuskilju.
- Hönnun raf- og stjórnbúnaðar, yfirstjórnkerfi; strenglistar, forritun, stýrirásateikningar, forritun, skilgreining á búnaði.
- Upphengjur málmsegla
- Loftræstingu í stjórnþúlti og töfluherbergjum

### 4.3 Áætluð vinna í næsta mánuði

Aðallega verður unnið við eftirfarandi hönnun og teikningar:

- Léttar undirstöður fyrir glussastöð tætara og gataplan.

Ljúka við teikningar af rennum við tæki.

- Ljúka við teikningar loftstokka og tilheyrandi undirstöður við Kára.

Ljúka við teikningar af stjórnborð í stjórnherbergi.

Raf- og stjórnbúnaður; ljúka við stýrirásateikningar, strenglista, forritun og skjákerfi HMI.

- Tilfallandi breytingar og viðbætur sem upp koma á fyrirkomulagi vegna búnaðar eða annars.

### 4.4 Atriði til íhugunar

Skipuleggja þarf prófanir og gangsetningu á tækjum.

## 5. Innkaup

### 5.1 Staðan

Hönnun og umsjón:

Óbreytt frá fyrri mánaðarskýrslu. Samið hefur verið við eftirtalda aðila um að annast hönnun, umsjón og eftirlit með verkinu:

- a) Arkþing; Arkitektúr fyrir stækkun byggingar
- b) Teiknistofan Óðinstorgi; Burðarþolshönnun fyrir stækkun byggingar
- c) Tera; Rafbúnaður fyrir stækkun byggingarinnar;
- d) Mannvit; Hönnun lagna í stækkun byggingu, hönnun vélbúnaðar, hönnun raf- og stjórnbúnaðar véla, verkumsjón
- e) Varða verkþjónusta; Eftirlit með stækkun byggingar. Einnig hefur Varða verkþjónusta verið fengin til að annast eftirlit á staðnum með uppsetningu vélbúnaðar, samningur við Héðinn.

Ekki þarf að gera frekari samninga um hönnun og umsjón.

Framkvæmdir:

Samið hefur verið við eftirtalda aðila um framkvæmdir:

- a) Alefli; stækkun byggingar
- b) Héðinn; uppsetning vélbúnaðar
- c) Rafsel; uppsetning raf- og stjórnbúnaðar

Auk þess hefur verið samið við eftirtalda aðila um minniháttar verk:

- a) Dynjandi; fallvarnarkerfi á þak byggingar
- b) Blikksmiðurinn; loftræstikerfi í stjórnherbergi og rafmagnstöflugáma
- c) Securitas; Uppfært öryggiskerfi fyrir Móttökustöðina
- d) Altak; ristar í gólfrennur viðbyggingar

Innkaup á búnaði:

Lokið er við að gera samninga um kaup á öllum vélbúnaði. Staða innkaupa/framleiðslu á búnaði er eftirfarandi:

- a) Pokaopnarar; Samið við Marcovil. Framleiðslu lokið, komu á staðinn um miðjan desember. Höfðu færst til í flutningsgámi og skemmst. Marcovil mun bæta tjónið og sækja bætur á sitt tryggingarfélag, sem tryggði flutninginn.
- b) Stálbönd við Herkúles; Samið við Mayfran. Framleiðslu lokið og böndin komin til landsins, uppsetningu lokið og komin í rekstur.
- c) Tætari; Samið við Marcovil. Unnið að framleiðslu. Afhendingu seinkar frá umsömdum tíma. Tætari er áætlaður til landsins um 10.5.2020. Hefði átt að koma í lok febrúar 2020 skv. pöntun.
- d) Flutningsbönd frá pokaopnara og tætara (3 stk); samið við Marcovil. Unnið að framleiðslu. Hefur seinkað og áætluð að fara í skip í byrjun apríl 2020.

- e) Sigtí; samið við ECO-star. Framleiðslu lokið, komu á staðinn 13.1.2020.
- f) Vindskiljur; samið við Sulzh&Berger. Framleiðslu lokið, komu á staðinn 18.2.2020.
- g) Málmskiljur; samið við Gauss-Magnetic. Framleiðslu lokið, komu á staðinn 12.3.2020.
- h) Flutningsbönd; samið við Marcovil. Unnið að framleiðslu. Það liggur fyrir að seinkun verður á afhendingu, en fyrstu 11 færriböndin fóru í flutning í febrúar. Af þeim 6 sem eftir eru komu 3 í mars 2020 og þau 3 sem eftir eru fóru í flutning 27.3.2020.

Sendar hafa verið pantanir til kaupa á; ristum í gólfrennur í viðbyggingu, loftræstikerfi fyrir stjórnherbergi og rafmagnstöflugáma. Eftir er að senda pöntun á öryggisfestingar á þak fyrir fallvarnir, myndavélakerfi og loftpressu.

## 5.2 Áætluð framvinda í næsta mánuði

Fylgst verður með framleiðslu búnaðar og aðfanga og höfð samskipti við framleiðendur eftir þörfum. Í næsta mánuði kemur restin af flutningsböndum.

## 5.3 Atriði til íhugunar

Seinkun á afhendingu tætara mun tefja verklok, en haldinn var sérstakur fundur með Marcovil til að ýta á eftir afgreiðslu. Framgangur við uppsetningu vélbúnaðar hefur gengið hægar en verktaki sjálfur hefur gert ráð fyrir á milli verkfunda og ekki er þar um skort á aðföngum að ræða.

## 6. Framkvæmdir

### 6.1 Staðan

Vinna við stækkun byggingarinnar er að mestu lokið, einungis eftir utanhússfrágangur og þakgluggi og ákveðið var fresta utanhússfrágangi þar til betur viðrar. Verkið hefur gengið vel og ekki hafa komið upp vandamál. Sjá nánar í mánaðarskýrslu eftirlits, viðauki A.

Vinna við uppsetningu vélbúnaðar er í gangi. Unnið að uppsetningu stálundirstaða fyrir vélbúnað og palla í núverandi byggingu og einnig í viðbyggingu. Unnið að uppsetningu tækja í núverandi byggingu og viðbyggingu. Verkið gengur hægar en áætlun verkkaupa og verktaka gerir ráð fyrir og framvinda á milli verkfunda hefur verið minni en verktaki áætlað.

Vinna við raf- og stjórnþúnað er í gangi. Unnið að uppsetningu strengstiga í viðbyggingu og tengingu rafþúnaðar fyrir tæki eftir því sem þau koma á staðinn..

### 6.2 Verktakar á staðnum

Á staðnum voru eftirtaldir verktakar við vinnu:

- a) Alefli; stækkun byggingar
- b) Rafsel; raf- og stjórnþúnaður.
- c) Héðinn; uppsetning þúnaðar.
- d) Varða verkþjónusta; eftirlit með vinnu við stækkun byggingarinnar.

### 6.3 Stækkun byggingar – Alefli

Áætlað er að framvinda þessa verks sé komin í um 93% miðað við áætlaða stöðu og uppfært verkmagn, framvinda í heild er um 353 Mkr m. vsk. Miðað við þekktar magnbreytingar og að aðrir verkliðir endi í 100%, er áætlað að verkið endi á bilinu 375-380 Mkr m. vsk án verðbóta. Mannafli á staðnum er 2 iðnaðarmenn og verkstjóri.

Aðgengi að viðbyggingunni fyrir aðra verktaka er opið.

Vinnu innanhúss er að mestu lokið og verkið verður í dvala fram á maí. Eiginleg verklok verða ekki fyrir en vorið 2020 þar sem ákveðið var að fresta utanhússfrágangi. Eftir er að setja upp þakglugga, en beðið er eftir að efni í hann komi til landsins.

Að öðru leyti er vísað til mánaðarskýrslu eftirlits fyrir stækkun byggingar, sjá viðauka A.

### 6.4 Uppsetning þúnaðar – Héðinn

Unnið er að uppsetningu stálundirstaða og þúnaðar í núverandi byggingu:

- Uppsetning stálvirkis fyrir vélþúnað og palla er að mestu lokið en vegna ruglings hjá verktaka vantar enn stiga og handrið sem koma ekki fyrir en um mánaðarmótin maí/júní.
- Pokaopnarar og forsigti eru komin upp.

Rykskilja er komin upp en eftir er að setja upp loftlagnir.

Unnið er að uppsetningu stálundirstaða og þúnaðar í viðbyggingu:

- Uppsetning á stálvirki er hafin og gengur vel.

- Vindskiljur og tilheyrandi filmuskiljur og lofthreinsari hafa verið sett upp. Byrjað er á að setja upp loftstokka.
- Byrjað að setja upp flutningsbönd
- Eddy-Current málskilja komin upp

Auk þess var unnið að forsmíði á stálundirstöðum fyrir tæki og léttum undirstöðum fyrir færribönd og segla fyrir nýbyggingu, en þessar stálundirstöður eru smíðaðar í Rúmeníu. Áætlað er að forsmíði ljúki að mestu í mars.

Framgangur í mánuðinum var lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Aðföng hafa ekki tafið verktaka.

Framvinda við uppsetningu vélbúnaðar miðað við greiðslur skv. magnskrá eru 61%. (í mánaðarskýrslu fyrir febrúar voru þau mistök gerð að mars framvinda tekin með, rétt framvinda í lok febrúar var 46%)

Haldinn var sérstakur fundur með verktaka 17.3.2020 (Nr. 13) þar sem farið var yfir útkljáð ágreiningsmál. Þar var leyst úr öllum útstandandi ágreiningsmálum nema einu, sem er krafa verktaka vegna gerð smíðateikninga af stálundirstöðum.

## 6.5 Raf- og stjórnþúnaður – Rafsel

Unnið að uppsetningu rafmagnsstiga í viðbyggingu.

Unnið er við að setja upp og tengja rafmagnstöflur við tæki í núverandi byggingu; fyrir Kára á nýjum stað, pokaopnara og forsigti.

Unnið við að setja upp og tengja rafmagnstöflur við tæki í viðbyggingu; fyrir vindskiljur, filmuskiljur, lofthreinsara og málskiljur.

Þegar vélþúnaður kemur á staðinn er rafþúnaði komið fyrir í rafmagnstöflugámum jafnóðum og byrjað að leggja út strengi, og þegar tæki eru komin á sinn stað eru þau tengd. Því ræðst vinna Rafsels mikið af því hvenær þúnaður berst og hvenær hann er kominn á sinn stað.

## 6.6 Leyfismál

Óbreytt frá fyrri mánaðarskýrslum.

Samþykkt byggingarleyfi liggur fyrir, með áskilnaði um samþykki heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi starfsleyfi og samþykki Vinnueftirlits.

Samþykki liggur fyrir frá heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um að núverandi starfsleyfi gildi óbreytt, skv. tölvupósti frá heilbrigðiseftirlitinu frá 23.8.2019;

„ Tilvísun í mál: 2019070186

Góðan daginn.

Vísað er til neðangreinds erindis þar sem tilkynnt var um breytingar á starfsemi í móttökustöð SORPU bs. í Gufunesi.

Heilbrigðiseftirlitið (HER) hefur yfirfarið gögn sem fylgdu erindinu. HER telur að breytingarnar kalli ekki á breytingar á starfsleyfisskilyrðum sem fylgja núverandi starfsleyfi. HER telur því ekki þörf á endurskoðun á starfsleyfi móttökustöðvar SORPU bs. í Gufunesi. Núgildandi starfsleyfi gildir því áfram óbreytt.“

Haldinn hefur verið fundur með Vinnueftirlitinu og þeir eru sáttir við hvernig áformað er að standa að verkinu.

Ekki er um önnur leyfi að ræða.

## 6.7 Atriði til íhugunar

Atriði sem sett voru fram í mánaðarskýrslu janúar 2020 eiga enn við:

Vinna við uppsetningu vélbúnaðar og tilheyrandi stálvirkis hefur gengið mun hægar en áætlanir verktaka/verkkaupa gerðu ráð fyrir. Skipulag vinnunnar og mönnun hefur ekki verið sem best og þrátt fyrir að seinkun hafi verið í afhendingu teikninga og búnaðar þá hafa aðföng ekki tafið verktakann, hann hefur ekki haft undan.

Nú liggur fyrir að afhendingu tættara seinkar enn og það gæti haft áhrif á verklok, en þó er eins líklegt að vinna við uppsetningu stálvirkis og búnaðar verði ráðandi um verklok. Það ræðst af því hvort verklag Héðins batnar.

Haldið er áfram vinnu við að bæta framvindu við uppsetningu á vélbúnaði.



## **7. Prófanir og gangsetning**

### **7.1 Staðan**

Byrjað er að vinna að skjölum vegna prófana og bæta þeim inn í verkáætlun.

### **7.2 Framvinda**

Kominn skjalalisti og byrjað á gerð gátlista.

### **7.3 Áætluð vinna í næsta mánuði**

Vinna áfram að gerð prófunarskjala og verkáætlun með tilliti til prófana.

### **7.4 Atriði til íhugunar**

Á ekki við.

# Appendix A Mánaðarskýrsla fyrir stækkun byggingar



## Mánaðarskýrsla eftirlits Stækkun móttökustöðvar í Gufunesi

Verkkaupi: Sorpa  
Mánuður: Mars

Eftirlitsmaður: ÞÁ og GH  
Ár: 2020

### 1. Framvinda verks

Staða verks miðað við áætlun

	%
Framvinda í % miðað við áætlaða stöðu og upphaflegt verk magn	98
Framvinda í % miðað við áætlaða stöðu og endurskoðað verk magn	93
Framvinda í % átti að vera samkvæmt upphaflegu verk magni	100

Athugasemdir

Þegar verið er að tala um stöðu verks er verið að horfa á verk í kr. talið en eftir eru verkþættir sem kosta minna og taka lengri tíma en þeim sem er lokið

Áætluoð skil helstu verkafanga:

Eiginleg verklok verða ekki fyrir en vorið 2020 þar sem ekki er hægt að ljúka utanhúss frágangi fyrr en þá.  
Þakgluggi er kominn til landsins og hefst uppsetning þegar veður fer að verða betra, minna rok og frostlaust tímabil

Helstu áhrifþættir á framvindu

Eins og staðan er í dag þá eru engir utanað komandi þættir sem eru að hafa áhrif á framvindu verks nema að það þarf þurt veður til að ljúka málu utanhúss.

### 2. Magn og kostnaðargát

Nr.	Verkþáttur	Tilboðsupphæð	Framkvæmt nú í	Framvinda í heild	Framvinda í Mars
1	AÐSTADA	32.657.009	91%	29.791.439	0
2	JARÐVINNA	56.933.676	109%	62.134.056	0
3	BURÐARVIRKI	179.043.627	100%	178.215.735	0
4	LAGNIR	8.859.819	99%	8.756.905	0
5	RAFKERFI	4.248.547	154%	6.549.222	513.273
6	FRÁGANGUR INNI	17.759.242	74%	13.153.754	448.191
7	FRÁGANGUR ÚTI	52.414.859	88%	46.031.770	0
8	ÁÆTLUÐ AUKAVINNA	6.892.550	125%	8.606.207	934.512
		358.809.329	98%	353.239.087	1.895.975

Skýringar

Eftirfarandi magnbreytingar eru afgreiddar

Breytingar á iðnaðarhurðum hækkað verklið 7.4.2 um 2,2 millj. kr sem endar í 131 %

Magnaukning skyggna hækkað verklið 7.3.5 um 3,4 millj. kr. sem endar í 167 %

Breytingar á magni bendistáls kemur ekki til með að hækka heildarkostnað verks, meira magn fór af K10, K12 og K20 en minna af K16

Breytingar urðu á rafiögnum en bætt var við tenglum og ljósum

Miðað við það magnuppgjör sem nú hefur farið fram og að aðrir verkliðir endi í 100 % mun heildarkostnaður verks vera um 375 - 380 millj. Kr. , án verðbóta

### 3. Auka- og viðbótarverk

Nr.	Heiti	Áfallinn kostnaður	Staða
OS-058	Færsla á raflögnum	30.802	Lokið
OS-057	Færa sókkulskauf	51.336	Lokið
Breyting frá magnskrá	Tenglar við iðnaðarhurðir	4.538	Lokið
Endurútgáfa teikningar	Brunalagnir vinna	474.596	Lokið
Var ekki í magnskrá	Jarðbinda kapalstiga	120.517	Lokið
Endurútgáfa teikningar	Lagnaleið ljósa í skygni	225.382	Lokið
OS-061	Breyting á iðnaðarhurð samræming	27.342	Ólokið, aðeins komið tilboð
<b>Samtals</b>		<b>934.512</b>	

#### Skýringar

Komið er tilboð í brunaslöngukerfi sem búið er að taka uppá um 3,1 millj. kr.

### 4. Framlag verkkaupa

#### Framkvæmda og byggingaleyfi

#### Staða vinnuteikninga

Eftir er að skila inn til byggingarfulltrúa öllum þeim teikningum sem hafa verið uppfærðar á verktímanum  
Eftir er að endurútgæfa teikningar af gaflglugga með betri frágangi til að koma í veg fyrir vatnsleka

#### Annað

### 5. Mannafli og tæki

Mannafli	Tæki	Annað
Verkamenn	Byggingarkrani	1 Vinnuskúr
Iðnaðarmenn	2 Vörubíll	1 Skrifstofa
Verkstjórar	1 Grafa	1 Geymslugámur
Tækjastjórar		
Járnamenn		

#### Skýringar

Mannafli er þó breytilegur frá degi til dags.

#### 6. Athugasemdir og kröfur verktaka

Nr.	Krafa	Kostnaður	Staða
Samtals		-	

#### Skýringar

Engin krafa bíður afgreiðslu og ekki er von á kröfum

#### 7. Úttektir

Fjöldi áfangauátekt  
Aðrar úttektir

#### Skýringar

Áfangauátektir hafa gengið vel og engar formlegar athugasemdir hafa verið gerðar  
Áfangauátekt á þaki bíður þar til að gengið hefur verið frá þakglugga  
Útistanda er athugasemd vegna viðgerðar á hallandi þakplötu

#### 8. Öryggismál

Manntímar í verki	25.420
Manntímar í mánuði	80
Fjarveruslys	0
Fyrstuhjálparlys	0
Næstum slys og önnur atvik	0
Fjöldi umhverfisatvika	0
Öryggisúttektir	0

#### Skýringar


Engin slys eða óhöpp hafa orðið í verki  
Samræma þarf vinnu vel áður en uppsetning á þakglugga hefst.

#### 9. Grænt bókhald

Oliuotkun	0 L
Losun heimilissorps	10 kg
Timbur	0 kg
Plast	0 kg

## Appendix B Ljósmyndir









Aðalsteinn Þórðarson og Ásmundur S. Jónsson



















## Appendix C Verkáætlun - yfirlit

